

Flestir bókatitlar enn prentaðir á Íslandi

Prentstaður íslenskra bóka 2015

Bókasamband Íslands hefur kannað prentstað íslenskra bóka sem getið er í Bókatíðindum Félags íslenskra bókaútgefenda 2015. Fjöldi titla sem prentaðir eru innanlands eru 334 og fækkar um 43 frá fyrra ári og sem hlutfall af heild dregst það saman milli ára um rúmlega 7%, er 51,8% í ár en árið 2014 var hlutfallið 59,1% á prentun bókatitla innanlands.

Mestu munar þó að margir af söluhæstu titlum ársins eru prentaðir erlendis í ár sem oftast hafa verið prentaðir innanlands.

Heildarfjöldi prentaðra bókatitla er 645 í Bókatíðindunum í ár en var 638 árið 2014 sem er um 1% fjölgun titla milli ára.



Skoðað var hvert hlutfall prentunar innanlands og erlendis er eftir flokkum. Þar kemur fram að stór hluti barnabóka er prentaður erlendis, en það er m.a. vegna þess að samprent er algengt í útgáfu barnabóka þar sem prentað er sameiginlega fyrir mörg lönd.

- Fræðibækur, bækur almenns efnis og listir eru alls 153; 90 (59%) eru prentaðar á Íslandi og 63 (41%) prentaðar erlendis.
- Skáldverk, íslensk og þýdd, eru 186; 145 (78%) prentuð á Íslandi og 41 (22%) prentuð erlendis.
- Saga, ættfræði, ævisögur, handbækur, matur og drykkur eru alls 78; 36 (46%) prentaðar á Íslandi og 42 (54%) prentaðar erlendis.
- Barnabækur, íslenskar og þýddar, eru alls 228; 63 (28%) prentaðar á Íslandi og 165 (72%) prentaðar erlendis.


Eftirfarandi listi sýnir fjölda bóka prentaðra í hverju landi og hlutfall af heild, jafnframt eru til samanburðar tölur fyrir árið 2014:

	Fjöldi titla	%	Árið 2014	Fjöldi titla	%
Ísland	334	51,8%	Ísland	377	59,1%
Slóvenía	73	11,3%	Kína	112	17,6%
Kína	70	10,9%	Slóvenía	63	9,9%
Pólland	63	9,8%	Pólland	52	8,2%
Finnland	34	5,3%	Lettland	11	1,7%
Lettland	24	3,7%	Þýskaland	8	1,3%
Þýskaland	9	1,4%	Finnland	4	0,6%
Ungverjaland	9	1,4%	Danmörk	2	0,3%
Indland	7	1,1%	Ítalía	2	0,3%
Danmörk	6	0,9%	Indland	2	0,3%
Litháen	5	0,8%	Slóvakía	2	0,3%
Bretland	3	0,5%	Spánn	2	0,3%
Bandaríkin	3	0,5%	Singapore	1	0,2%
Slóvakía	2	0,3%			
Spánn	2	0,3%			
Sam. arab. furstad.	1	0,25%			
Samtals	645	100%	Samtals	638	100%


Frekari upplýsingar veitir Georg Páll Skúlason, Grafú – stéttarfélagi í prent- og miðlunargreinum. Netfang: georg@fbm.is og sími 552 8755.




Íslensk og erlend skáldverk 2015



Saga, ættfræði, ævisögur, handbækur, matur og drykkur 2015



Fræðibækur, bækur almenns efnis og listir 2015



Barnabækur 2015

